

VILJAYFIRLÝSING

Mannvirkjastofnun og Samtök iðnaðarins, ásamt ýmsum hagsmunaaðilum, hafa undanfarið unnið breytingartillögur að texta nýrrar byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Markmiðið er að auka sveigjanleika, lagfæra helstu vankanta og skapa meiri sátt um reglugerðina. Aðilar hafa jafnframt unnið að skipulagi og framkvæmd ráðstefna og funda um byggingarmál. Aðilar telja að samstarf sé til góðs fyrir íslenskan byggingariðnað og hafa vilja til þess að auka samstarfið og skilgreina það enn frekar.

Mannvirkjastofnun og SI lýsa yfir vilja til aukins samstarfs á eftirfarandi sviðum:

1. Áframhaldandi samstarf um gerð tillagna að breytingum á byggingarreglugerð, sem hefur það að markmiði að auka sveigjanleika og skapa aukna sátt um reglugerðina. Jafnframt verði litið til lengri tíma hvað varðar hugmyndir um þróun regluverks byggingariðnaðarins.
2. Áframhaldandi samstarf um skipulag og framkvæmd málþinga og ráðstefna og auka þannig þverfaglega umræðu um málefni byggingariðnaðarins.
3. Aukið samstarf og samráð um þróun á þeim leiðbeiningablöðum Mannvirkjastofnunar er tengjast byggingarreglugerð.
4. Aukið samstarf um verkefni sem snúa að viðskiptum með byggingarvörur og CE merkingum.
5. Aukið samstarf varðandi innleiðingu á gæðakerfi iðnaðarmanna og þróun á slíku kerfi og regluverki.
6. Aðilar hvetji til aukinna rannsókna á sviði byggingarmála á Íslandi, styðji gerð lokaverkefna á því sviði við HÍ og HR og listi upp þau verkefni sem gætu aukið gæði ákvarðanatöku við þróun regluverks fyrir byggingariðnaðinn.

Undirritaðir lýsa því yfir að þeir hyggjast vinna saman að ofangreindum málefnum og munu gera nánari áætlanir um vinnu við einstaka verkefni sé þess talin þörf.

Gjört í Reykjavík 4. október 2013.

Orri Hauksson
Framkvæmdastjóri
Samtök iðnaðarins

Björn Karlsson
Forstjóri
Mannvirkjastofnun